

Skýrsla um starf við innra mat í ME

Veturinn 2005 til 2006

Starf vetrarins hófst með því að sjálfsmatshópurinn hittist á fundi 19. ágúst og ræddi þar störf síðasta vetrar og næstu skref í innra matinu. Fór meginhluti umræðnanna í að ræða könnun á meðal nemenda sem fyrirhuguð var á önninni. Hittist hópurinn að auki á þremur fundum á önninni, þ.e. 7.okt, 11.nóv. og 14.nóv. þar sem nemendakönnunin var eingöngu til umfjöllunar. Var leitað til nemendapjónustu, forvarnarfulltrúa, matráðskonu og forstöðumanneskju bókasafns um hugmyndir að spurningum. Könnunin var svo lögð fyrir í boðtíma í seinni hluta nóvember og bárust 254 svarlistar (en um 310 voru skráðir í skólann).

Á vorönn 2006 sá nemendahópur áfangans féll 403 um að skilgreina breytur í SPSS og slá niðurstöður nemendakönnunar þar inn. Á meðan á þeirri vinnu stóð undirbjó sjálfsmatshópurinn könnun á meðal foreldra nemenda í ME. Fundað var um það verkefni 12. jan, en 8. feb. funduðu Arnar og Jón Ingi með foreldrafélagi menntaskólans um val á spurningum og framkvæmd könnunar. Í kjölfarið sendi foreldrafélagið hópnum nokkrar hugmyndir að spurningum. Var einnig leitað til nemenda í féll 403 um hugmyndir að spurningum. Því næst var endanlegur spurningalisti útbúinn og lesið yfir hann á fundi 29. mars. Í kjölfarið voru spurningalistar svo sendir í pósti til foreldra allra nemenda skólans, eða í 260-270 eintökum. Tvisvar voru foreldrar minntir á að skila spurningalistunum útfylltum með auglýsingum í Dagskránni, en þegar þetta er skrifað hafa 122 listar skilað sér til baka. Úvinnsla þessarar könnunar bíður næsta hausts.

Nú á vordögum hefur farið fram mikil vinna við að úrvinnslu á niðurstöðum nemendakönnunar og gerð skýrslu. Sú vinna hefur að nær öllu leyti verið unnin af Jóni Inga, Jóneyju og Arnari. Ekki hefur verið tekið saman hversu margar vinnustundir liggja að baki nemendakönnuninni, en forvitnilegt væri að gera það. Skýrslan var endanlega kláruð í byrjun júní 2006 og var hún litprentuð í 10 eintökum. Verða þau eintök afhent hlutaðeigandi aðilum.

Þær breytingar urðu á sjálfsmatshópnum haust 2005 að Sigrún Blöndal fór í árs fæðingarorlof, en áður hafði Jóney gengið til liðs við hópinn. Á vorönn 2006 sagði Páll Malmberg sig úr hópnum og í vor fór Jóney í árs fæðingarorlof. Í lok maí fór Jón Ingi á þriggja daga námskeið um sjálfsmat skóla hjá þórfessor Penelope Lisi á vegum EHÍ. Þegar þetta er skrifað samanstendur hópurnir af Helga Ómari, Arnari, Jóni Inga og Sigurði Ingólfssyni. Því er ljóst að efla þarf hópinn fyrir næsta skólaár, en æskilegt er að í honum starfi eigi færri en 6 einstaklingar hverju sinni.

Það sem fyrir liggur næsta haust er:

- Að fullgera langtímaáætlun fyrir okt. 2006 til að uppfylla starfssamning skólans.
- Að vinna úr foreldrakönnun og skrifa um hana skýrslu.
- Að taka á móti Sigurlínu Davíðsdóttur, sem ætlar að leggja könnun fyrir kennara og halda fyrirlestur í staðinn. Hugsanlega er hægt að fá leiðbeiningar hjá henni við gerð langtímaáætlunar.
- Taka saman fjölda vinnustunda sem fóru í nemendakönnun.
- Koma öllum verkefnum sjálfsmatshópsins sem unnin hafa verið frá 2003 í eina aðgengilega möppu.

Fljótsdalshéraði, 14. júní 2006



Arnar Sigbjörnsson